

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 30, þann 9. júní 2015.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson og Helga Hafsteinsdóttir. Frá SNS: Inga Rún Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Röðun starfsmanna í sundlaug sveitarfélags

Á 51. fundi samstarfsnefndar var fjallað um röðun starfamanna í sundlaug sveitarfélags og var þeim tilmælum beint til sveitarfélagsins að greiða þeim starfsmönnum sem starfað hafa við sundlaugarvörslu og uppfyllt hæfnispróf samkvæmt viðauka III í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 laun sundlaugavaraðar og leiðrétta þau allt að 4 ár aftur í tímann eftir atvikum. Á 52. fundi var bókunin ítrekuð.

Frá 52. fundi hafa borist upplýsingar frá sveitarfélaginu þar sem fram kemur að þeir tveir starfsmenn sem raðast í launaflokk 123 sem sundlaugavörður hafi lokið námskeiði og sundkröfum, annar er menntaður sundkennari og hefur staðist kröfur nefndrar reglugerðar og hinn tók námskeið og stóðst sundpróf árið 2006. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu hafi aðrir starfsmenn hafi ekki lokið sundprófi og uppfylli því ekki þær kröfur sem gerðar eru til sundlaugavaraðar I.

Niðurstaða:

Svo virðist sem í máli þessu sé því ágreiningur um það hvort fleiri starfsmenn en þeir starfsmenn sem raðast í starf sundlaugavaraðar I hafi lokið tilskyldum prófum (námskeiði í skyndihjálp og staðist sundpróf) svo og hvað felst í skilyrðinu "sundpróf."

Nefndin er sammála um að kalla eftir frekari gögnum og fresta fund þar til þau hafa borist.

Þau gögn sem kallað verður eftir eru:

- upplýsingar frá verkefnastofu starfsmats um hvað "námskeið í skyndihjálpi og hafa staðist sundpróf" þýðir í starfaskilgreiningunni Sundlaugarvörður I með 325 stig,
- staðfesting forstöðumanns sundstaða sveitarfélagsins og námskeiðshaldara á því hvenær námskeið sundlaugavárða hafa verið haldin frá 2006 og hvaða starfsmenn sóttu þau námskeið,

Fleira ekki gert og fundi frestað.